

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. júní 2016 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn Norðurþings 20. október 2015.

Í breytingunni felst að 5 ha athafnasvæði A-1 á Húsavíkurhöfða verður svæði fyrir verslun og þjónustu V-4 þar sem áformuð er uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu. Gönguleið um ströndina breytist lítilsháttar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 15. júní 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2016